

SKÓLA STEFNA



SELTJARNARNESBÆR



Inngangur

Skólastefna Seltjarnarness var samþykkt í bæjarstjórn 9. nóvember 2011. Skólastefna Seltjarnarness varðar þá þjónustu sem skólum á Seltjarnarnesi er ætlað að veita börnum og ungmönnum bæjarins til aukins þroska og menntunar. Skólum bæjarins er ætlað að taka mið af stefnunni við skipulagningu starfsemi sinnar og dagleg störf. Starfsfólk skólanna er því í lykilhlutverki við að framkvæma stefnuna eins og til er ætlast. Nemendur og foreldrar gegna einnig veigamiklu hlutverki og ábyrgð eigi árangur skólustarfsins að verða sá sem að er stefnt.

Seltjarnarnes leggur áherslu á að reka góða skóla þar sem boðið er upp á metnaðarfullt og framsækið skólustarf, sem byggir á góðu starfsumhverfi. Áhersla er lögð á að mæta þörfum nemenda og ýta undir hæfileika þeirra. Góð samskipti og samstarf starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila er forsenda þess að vel takist til við að byggja upp gott og mannvænt samfélag. Í skólastefnunni er ennfremur lögð áhersla á samvinnu milli skólanna, samfelldan skólalag nemenda og öruggt umhverfi.

Skólastefna Seltjarnarness er í umsjá og á ábyrgð skólanefndar sem ber ábyrgð á kynningu stefnunnar, að henni sé framfylgt og að settum markmiðum sé náð.

Skólastefnan verður í stöðugri skoðun og hún endurmetin með reglubundnum hætti.





Skólafestna Seltjarnarness

Skólafestna Seltjarnarness er leiðarvísir fyrir skólasamfélagið á Seltjarnarnesi. Hún byggir á gildunum VIRÐING, ÁBYRGÐ og VELLÍÐAN sem þátttakendur á Skólaþingi Seltjarnarnesbæjar 2011 sammæltust um. Hún er skrifuð með allt skólastarf í huga og á því jafnt við um leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Stefnan, sem byggir á íslenskri menntastefnu eins og hún kemur fram í lögum¹ og reglugerðum, felur í sér áherslur sem skólarnir á Seltjarnarnesi skulu taka mið af við skipulag og í daglegu skólalífi.

Í skólafestnunni er lögð áhersla á að barnið sé ávallt í brennidepli og nái að þroska hæfileika sína. Allt skólastarf á að mæta þörfum hvers og eins hvað varðar viðfangsefni náms og kennsluhætti, stuðla að vellíðan nemenda þannig að þeir öðlist þroska, þekkingu og reynslu til að takast á við daglegt líf og ókomna tíð.

Í lýðræðisþjóðfélagi byggir nám og kennsla í góðum skóla á metnaðarfullu og hæfileikaríku starfsfólki, faglegri stjórnun og forystu, fjölbreyttum starfs- og kennsluáðferðum ásamt virkri þátttöku nemenda og foreldra.

Áhersla skal lögð á gott samstarf og sátt um skólastarfið og að virðing einkenni samskipti nemenda, foreldra og starfsfólks skólanna. Nemendur, foreldrar, kennarar og annað starfsfólk vinni saman að því að byggja upp jákvætt samfélag, góðan starfsanda og heilbrigðan aga í metnaðarfullu, skapandi og öruggu umhverfi.

¹ lög um leikskóla 2008, lög um grunnskóla 2008 og lög um fjárhagslegan stuðning til starfsemi tónlistarskóla 1985





Skólafélagið skal miða að því að nýta sérstöðu Seltjarnarness. Nálægð stofnana býður upp á samfélag í vinnudegi barnanna og möguleika til að nýta samspil við nærsamfélagið til að skapa nemendum fjölbreytni í námi og leik. Mikilvægt er að forsvarsmenn og starfsfólk skóla, íþrótt- og tómstundastarfs vinni saman með hagsmuni barna og unglunga að leiðarljósi.

Skólafélag Seltjarnarness felur í sér áherslur og setur fram markmið og leiðir fyrir skólafélag. Nemendur, starfsfólk, heimili og samfélag eru hornsteinar skólafélagarinnar, sem skólafélagið beinist að. Til þess að markmið stefnunnar nái fram að ganga er mikilvægt að þau séu stöðugt í vitund þátttakenda í skólafélaginu, starfsfólks, nemenda og foreldra.

Til þess að fylgja skólafélaginu eftir í daglegu starfi er mikilvægt að leik, grunn- og tónlistarskóli setji sér markmið og áherslur í samræmi við hana fyrir hvert skólaár ásamt áætlun um hvernig meta skuli árangurinn.





Framtíðarsýn fyrir skólastarf á Seltjarnarnesi

Öll börn á Seltjarnarnesi eiga að:

- hafa gleði af námi, bera virðingu hvert fyrir öðru og vera örugg í heilbrigðu og hvetjandi skólaumhverfi.
- læra að bera ábyrgð á sjálfum sér, eigin námi, samvinnu, samskiptum og öðlast þannig sterka sjálfsmynd, tækifæri og metnað til frekari menntunar á sínu áhugasviði.
- verða sjálfstæðir og ábyrgir einstaklingar sem láta gott af sér leiða í lýðræðisþjóðfélagi.
- fá kennslu í skólum sem hafi á að skipa hæfileikaríku og metnaðarfullu starfsfólki í hvetjandi starfsumhverfi.
- upplifa gagnkvæma virðingu og traust milli allra aðila sem að skólastarfinu koma.

Nemendur og skólinn

Skólastarf á Seltjarnarnesi

- einkennist af gæsku og gagnkvæmri virðingu.
- ræktar með sérhverjum nemanda áhuga á að vaxa og þroskast.
- kemur til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda svo þeir fái notið mismunandi hæfileika sinna og áhugasviða.
- ræktar með nemendum víðsýni og hæfileika til að hugsa heildrænt, þjálfar gagnrýna hugsun og hæfileika til að setja sig í spor annarra.
- stuðlar að því að gera nemendur að sjálfstæðum örugnum einstaklingum.
- eflir tjáningu og félagsfærni nemenda.
- mætir þörfum nemenda með fjölbreytni í námi, kennsluháttum og námsmati.



Skólastefna Seltjarnarness



- eflir hæfni nemenda til samvinnu og samstarfs með hópavinnu og verkskiptu samstarfi.
- eflir lýðræðis- og borgaravitund nemenda með umræðum og aðkomu þeirra að ákvörðunum um málefni nemenda.
- býður upp á gott aðgengi að sérfræðiaðstoð og kemur þannig til móts við þarfir allra nemenda.
- eflir sjálfstæði og ábyrgð nemenda með aðkomu þeirra að skipulagningu á eigin námi og námsframvindu.

Í skólastarfi á Seltjarnarnesi:

- er lögð áhersla á að nemendum líði vel og að þeir fái notið sín í leik og starfi í öruggu umhverfi.
- er lögð áhersla á siðgæðisvitund, bókvit, verkvit og listir.
- er lögð áhersla á læsi í víðasta skilningi.
- er lögð áhersla á að viðhalda forvitni nemenda og áhuga á að nýta hæfileika sína til fulls.
- eru nemendur hvattir til að tileinka sér heilbrigða lífshætti með því að bjóða upp á holla fæðu, kynningu á mismunandi íþróttum og útivist, ásamt öflugum forvarnarstarfi.
- eru nemendur hvattir til sköpunar og þeim gefin tækifæri til að tjá verk sín eða koma þeim á framfæri.
- er unnið markvisst gegn einelti og fordómum með jákvæðri umræðu um menn og málefni ásamt viðurkenningu á margbreytileika.





Nemendur og skólinn

Skólafest á Seltjarnarnesi

- einkennist af gæsku og gagnkvæmri virðingu.
- rættar með sérhverjum nemanda áhuga á að vaxa og þroskast.
- kemur til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda svo þeir fái notið mismunandi hæfileika sinna og áhugasviða.
- rættar með nemendum víðsýni og hæfileika til að hugsa heildrænt, þjálfar gagnrýna hugsun og hæfileika til að setja sig í spor annarra.
- stuðlar að því að gera nemendur að sjálfstæðum öruggum einstaklingum.
- eflir tjáningu og félagsfærni nemenda.
- mætir þörfum nemenda með fjölbreytni í námi, kennsluháttum og námsmati.
- eflir hæfni nemenda til samvinnu og samstarfs með hópavinnu og verkskiptu samstarfi.
- eflir lýðræðis- og borgaravitund nemenda með umræðum og aðkomu þeirra að ákvörðunum um málefni nemenda.
- býður upp á gott aðgengi að sérfræðiaðstoð og kemur þannig til móts við þarfir allra nemenda.
- eflir sjálfstæði og ábyrgð nemenda með aðkomu þeirra að skipulagningu á eigin námi og námsframvindu.





Í skólastarfi á Seltjarnarnesi

- er lögð áhersla á að nemendum líði vel og að þeir fái notið sín í leik og starfi í öruggu umhverfi.
- er lögð áhersla á siðgæðisvitund, bókvit, verkvit og listir.
- er lögð áhersla á læsi í víðasta skilningi.
- er lögð áhersla á að viðhalda forvitni nemenda og áhuga á að nýta hæfileika sína til fulls.
- eru nemendur hvattir til að tileinka sér heilbrigða lífshætti með því að bjóða upp á holla fæðu, kynningu á mismunandi íþróttum og útivist, ásamt öflugum forvarnarstarfi.
- eru nemendur hvattir til sköpunar og þeim gefin tækifæri til að tjá verk sín eða koma þeim á framfæri.
- er unnið markvisst gegn einelti og fordómum með jákvæðri umræðu um menn og málefni ásamt viðurkenningu á margbreytileika.





Starfsfólkið og skólinn

Á Seltjarnarnesi eru góðir skólar

- sem starfa í anda lýðræðis og jafnréttis og miðla jákvæðum og heilbrigðum viðhorfum.
- ávallt skipaðir sterkri faglegri forystu.
- skipaðir hæfu, metnaðarfullu og áhugasömu starfsfólki, sem eru fyrirmyndir í leik og starfi.
- þar sem starfsfólki skal líða vel og fá tækifæri til þess að þróa og efla sig í starfi, m.a. með símenntun.
- þar sem starfsumhverfið er í stöðugri endurskoðun, endurmati og þróun.
- sem eru samkeppnishæfir um gott starfsfólk.
- sem sinna þróunarverkefnum og menntarannsóknum í samstarfi við stofnanir á háskólastigi, innan lands sem utan.
- sem hvetja til frumkvæðis og þess að starfsfólk fái tækifæri til að nýta sér þekkingu sína.
- sem tryggja gott samstarf milli skóla og samfellu milli skólastiga.





Heimilin og skólinn

Á Seltjarnarnesi ríki góð og gagnkvæm samskipti milli heimila og skóla sem:

- tryggja gleði og jákvæðni í skólastarfi.
- hvetja til gagnkvæmrar virðingar milli heimilis og skóla.
- stuðla að því að nemendur, foreldrar og starfsfólk skóla vinni sem liðsheild.
- leiða til gagnvirkis upplýsingastreymis milli heimilis og skóla.
- stuðla að lýðræðislegri ákvarðanatöku með þátttöku nemenda og foreldra.
- hvetja foreldra til samvinnu og þátttöku um menntun og uppeldi enda sé þeim boðin fræðsla um foreldrastarf og hlutverk foreldra.
- tryggja að foreldrar séu vel upplýstir um starf skólanna, m.a. stefnur og náms- og kennsluáðferðir.
- auðvelda foreldrum að fylgjast með börnum sínum og starfi skólanna.
- hvetja skólana til að styðja við starfsemi foreldrafélaga og skólaráða.
- tryggja að álag á nemendur tengt heimanámi og tímstundum hafi ekki neikvæð áhrif á verðmæta samverustund fjölskyldunnar.



Samfélagið og skólinn

Á Seltjarnarnesi er samábyrgð íbúa og umhverfis mikilvæg til að:

- samvinna og trúnaður ríki milli skóla og skólayfirvalda.
- skólinn sé órjúfanlegur hluti samfélagsins.
- viðmót og gildi gagnvart börnum séu þau sömu hvort sem er í skóla eða tómstundum.
- borin sé virðing fyrir einstaklingnum.
- efla vitund nemenda gagnvart umhverfinu, auðlindum, náttúrunni og bænum okkar.
- efla samvinnu skólanna við íþróttastarf og tómstundafélög.
- mynda eina liðsheild; nemenda, foreldra, kennara og starfsfólks skóla, um heill og þroska nemenda.
- virkja þátttöku foreldra og nærsamfélagsins í skólastarfi.
- auka samtakamátt okkar í baráttu gegn einelti.
- fylgja eftir virkri forvarnarstefnu með þátttöku allra í samfélaginu og styðja við heilbrigðan lífsstíl.
- nýta umhverfi, náttúru og stofnanir bæjarfélagsins í kennslu og virkja tækifæri sem finnast í nærsamfélaginu til náms og menntunar.



Mat á skólstarfi

Skólarnir á Seltjarnarnesi njóta sjálfstæðis við að útfæra leiðir að áherslum og markmiðum skólastefnu bæjarins. Í samstarfi við Fræðslusvið ber þeim að þróa viðmið og mælitæki sem sýna árangur og nýtast til skólaþróunar og eflingar skólstarfs.

Niðurstöður og aðgerðaráætlanir í tengslum við mat á skólstarfi skulu jafnan kynntar og gerðar aðgengilegar fyrir hagsmunaaðila í skóla-samfélaginu.

